

Skólaráðsfundur 30. nóvember 2023

Mætt: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Jóhann Gunnar fulltrúi kennara, Hulda H fulltrúi kennara, Særós Pálsdóttir fulltrúi starfsmanna, Stefan Hardonk fulltrúi foreldra, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Hámundur Örn framkvæmdarstjóri UMFN, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ragna Talía varaformaður nemendaráðs og fulltrúi nemenda, Kristinn Einar fulltrúi nemenda.

1. Ásgerður kynnti nýja fundarmenn í skólaráði, Stefan sem er formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla og fulltrúi foreldra í ráðinu og Ragna Talía varaformaður nemendaráðs og fulltrúi nemenda.
2. Guðný fór yfir sjálfsmatsskýrslu Njarðvíkurskóla fyrir skólaárið 2022-2023. Sérstaklega var farið yfir styrkleika og sóknarfæri fyrir hvern matsþátt í skýrslunni.
3. Ásgerður fór yfir hvaða skimanir er verið að leggja fyrir á skólaárinu og hvernig þær eru framkvæmdar.
4. Ásgerður fór yfir dagskrá á aðventunni.
5. Önnur mál
 - a. Ásgerður sagði frá nemendum sem eru að koma frá Grindavík í skólann vegna aðstæðna þar. Um 20 nemendur eru komnir og er almenn ánægja með viðtökum hjá forráðamönnum og nemendum. Stjórnendur ætla að funda með forráðamönnum í upphafi næstu viku og einnig mun námsráðgjafi Grunnskólans í Grindavík koma og hitta nemendur til að ræða líðan. Umræður um stuðning sem kennarar skólans fá varðandi nýja nemendur frá Grindavík og ÁP svaraði að samtal er við fræðslustjóra um stuðning sem og fulltrúa stoðþjónustu úr Grunnskóla Grindavíkur.
 - b. Hilma Hólmfríður ræddi um ánægju varðandi viðtöl við tengiliði sem nemendur hafa kost á og kynnt var fyrir nemendum af tengiliðum farsældar.
 - c. Hilma Hólmfríður spurði um aðgang að námsráðgjafa skólans. Hugmynd um að námsráðgjafi sendi að hausti kynningu á sér og hlutverki sínu til allra forráðamanna.
 - d. Stefan sagði frá málþingi sem FFGÍR hélt varðandi niðurstöður æskulýðsrannsóknar. Þar var tillaga frá Ungmennaráði um að hafa klúbbastarfsemi í skólunum, t.d. bókaklúbb, myndlistarklúbb osfrv. Rætt um að nemendaráð taki þessa hugmynd og ræði í sínum hópi. Í framhaldi ræddi Hilma Hólmfríður um niðurstöður úr sömu rannsókn um ótta nemenda við að fara á salernið og Ásgerður sagði frá breytingum við salerni skólans þannig að hurðar ná frá gólfi og upp í loft sem nemendur telja að sé betra.

Fundarritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri Njarðvíkurskóla